



Waldorfskólinn Lækjarbotnum

waldorfskolinn@waldorfskolinn.is

Sími 587 4499

2024-2025

Foreldrafélagið

Í Waldorfskólanum er starfrækt foreldrafélag. Auk stjórn félagsins eru starfandi þrír hópar - *Hugur, Hjarta og Hönd*.

HUGUR

Hópurinn Hugur einbeitir sér að skýrum samskiptaleiðum foreldra, skóla og barna. Hann stendur fyrir m.a. fyrirlestrum og fræðslu af ýmsum toga og styður við nemendaráð.

HJARTA

Hjartað er hlýjan í starfsemi foreldrafélagsins. Hópurinn einbeitir sér að því að byggja upp samfélagið með það fyrir augum að rækta vináttu, gestrisni og þakklæti. Hjartað sér um að bjóða nýja foreldra formlega velkomna í samfélagið og hjálpar til við skipulagningu á hátíðum og samkomum yfir árið, þar með talið jólabasarinn og aðrar samverustundir foreldra.

HÖND

Hópurinn beinir kröftum sínum að umhverfi skólans. Handar hópurinn vinnur að því að viðhalda mannvirkjum á skólalóðinni, að fegra umhverfið og að tryggja öryggi nemenda og kennara. Handarhópurinn sér m.a. um að:

- skipuleggja viðhald á skólahúsnæðinu,
- skipuleggja og þróa útileiksvæði,
- fegra umhverfið m.a. með skógrækt,
- skipuleggja vinnuhelgar,
- fylgja eftir vinnu þar sem ýtt er á skipulagsyfirvöld Kópavogs að staðfesta skólastarfsemina í Lækjarbotnum í aðalskipulagi til framtíðar.

Foreldri eru hvött til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins, sem er gefandi bæði fyrir þau sjálf, börnin og skólann.

Kæru foreldrar og aðstandendur

Nú hefjum við 34. starfsár Lækjarbotna eftir gott sumar og eru allir tilbúnir að hefja nýtt skólaár af fullum krafti. Nokkrar nýjar starfs-manneskjur verða með okkur í Lækjarbotnum í vetur:

- Björg Árnadóttir – *skólaliði*
- Hanna Klara ísfeld – *skólaliði*
- Heiðrún Sara Ómarsdóttir – *skólaliði*
- Knútur Hreiðarsson – *matreiðslumaður*
- Snorri Haraldsson – *skólaliði*
- Valbjörn Snær Lilliendahl – *tónlistarkennari*

Við bjóðum þau öll hjartanlega velkomin til starfa í Lækjarbotnum.

Við ætlum að byrja skólaárið, líkt og undanfarin ár, á að ganga í skólann. Rúturnar munu hleypa öllum nemendum út rétt fyrir innan afleggjarann að Lækjarbotnum. Við göngum svo gegnum fallega náttúru austan megin við veginn. Gott er að vera í góðum skóm og klæðast eftir veðri. Skólinn mun sjá til þess að yngstu börnin í 1.-4. bekk fái öryggisvesti þegar skyggja tekur. Mánudagar verða nestisdagar líkt og undanfarin ár. Við óskum eftir því að allir nemendur skólans komi með hollt og gott nesti fyrir daginn.

Þið getið nálgast símanúmer foreldra, netföng og fleira inni á namfus.is. Inn á heimasíðu skólans www.waldorfskolinn.is er einnig hægt að nálgast frekari upplýsingar um skólastarfið svo sem skóladagatal og kennslu-áætlanir á heimasíðunni. Á heimasíðunni er einnig lokað svæði fyrir foreldri, nánari upplýsingar um það er hægt að fá hjá ritara.

Við viljum benda á að nemendur þurfa að eiga inniskó (helst úr ull, ekki stífa plastskó) en góðir ullarleistar geta líka reynst gagnlegir.

Við eigum þá ósk að öll sem koma að skólanum séu virkir þátttakendur í því fjölbreytta starfi sem hér fer fram; börnum okkar, okkur sjálfum og framtíðinni til gagns og gamans.

Með ósk um gott samstarf, starfsfólk Waldorfskólans í Lækjarbotnum.

Góður skólabragur

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum viljum við hafa jákvæð samskipti milli nemenda, foreldra og starfsfólks. Mikilvægt er að börn og fullorðin séu góðar fyrirmyndir og mæti hverju öðru með hvetjandi og uppbyggjandi viðmóti. Við leggjum áherslu á gagnkvæma virðingu, kurteisi, tillitsemi og umhyggju í samskiptum við annað fólk og í umgengni við umhverfið og náttúruna.

Við leggjum áherslu á heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Það felur m.a. í sér að njóta þess að vera saman í því umhverfi sem skólinn er og undirbúa okkur fyrir þau verkefni sem bíða okkar í framtíðinni. Notkun farsíma, hljómflytningstækja og leikjatölva truflar lífandi samveru og er bönnuð á skólatíma. Skólareglur Waldorfskólans í Lækjarbotnum eru hér og biðjum við ykkur að fara yfir þær með börnum ykkar reglulega:

1. Nemendur koma fram af virðingu við starfsfólk skólans og samnemendur og sýna almenna kurteisi og tillitsemi í orði og verki.
2. Nemendur fylgja fyrirmælum starfsfólks.
3. Nemendur ganga hljóðlega um skólahúsnæði. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver starfsmanneskja og nemandi á rétt á því að fá frið til að sinna sínum verkefnum í leik eða starfi.
4. Nemendur ganga vel um skólann, eigur hans og annarra jafnt úti sem inni.
5. Skólalóðin er leiksvæði okkar allra og við sýnum sanngirni í leik og starfi. Snjókast stundar engin/n án gagnkvæmrar vitundar og samþykkis annarra, þetta á við um alla leiki. Nemendur renna sér á sleðum sunnan megin við rauða húsið. Krafa er um hjálm og annan viðeigandi hlífðarbúnað ef börnin renna sér á öðru en venjulegum snjópotum (s.s. stýrissleðar, snjóbretti, skíði o.þ.h.).
6. Ekki er leyfilegt að stunda fótbolta á skólalóðinni.
7. Ekki er leyfilegt að yfirgefa svæðið nema með sérstöku leyfi. Nemendur mæta stundvíslega í tíma.
8. Notkun farsíma eða annarra rafeindatækja er ekki leyfileg á skólatíma, það á einnig við um skólarútur.
9. Nemendur mæta ekki með sælgæti eða tyggigúmmi í skólann.

Skyldur foreldra gagnvart skólastarfi

Waldorfskólinn krefst meiri þátttöku af hendi foreldra heldur en hinn almenni grunnskóli gerir ráð fyrir. Foreldri styðja þannig við skólagöngu barnsins og stuðla að uppbyggingu skólans. Einnig eru mikil gæði í því að barnið skynji að foreldri þess hafi átt hlut að verki og það markar spor í daglegu skóla lífi þess. Auk þátttöku á öllum skóla- og bekkjarfundum og foreldraviðtölum þá veitir eftirfarandi listi innsýn í hvaða verkefnum foreldrum ber að taka þátt í:

Jólabasar

Jólabasarinn er mjög mikilvæg tekjulind fyrir skólann. Þetta er stór hátíð sem krefst mikils undirbúnings og ein af skyldum foreldra við skólann er að taka þátt í undirbúningnum með þátttöku á ýmis konar vinnu við gerð handverks sem er til sölu á basarum. Að auki þurfa foreldri að skipta með sér vöktum á sjálfum basardeginum, taka þátt í undirbúningi og frágangi húsnæðis og einnig að taka þátt í kynningarstarfi. Í byrjun haustannar er auglýst dagskrá þar sem foreldri skráir þátttöku sína og geta flestir fundið eitthvað sem hentar þeirra reynslu og getu.

Helgarþrif

Sú ábyrgð hvílir á herðum foreldra að húsnæði skólans sé þrifið reglulega. Skólinn útvegar öll þrifáhöld og er þrifalisti sendur á alla foreldra fyrir annaskipti. Mjög mikilvægt er að vera vakandi fyrir þeim helgum sem þið eruð skrifuð á og ef þið sjáið ykkur ekki fært að mæta, þurfið þið að finna lausn innan foreldrahópsins. Höfum það í huga að börnin þurfa að koma að hreinum húsum í byrjun skólavíku.

Vinnuhelgar

10. Vinnuhelgar eru mjög mikilvægur félagslegur viðburður í skólaárinu þar sem öll fjölskyldan kemur og hittir aðrar. Þar á sér stað viðhald innan- og utandyra. Þau störf sem inna þarf af hendi eru auglýst með fyrirvara og hvert foreldri er ábyrgt fyrir að skrá sig á eitt eða fleiri störf. Vinnuhelgin er skipulögð af handarhóp foreldrafélagsins og starfsfólki skólans.

Rútuferðir

Í vetur munu tvær skólarútur keyra nemendur í og úr skóla. Rúturnar fara af stað frá Kjarvalsstöðum stundvíslega klukkan 8:00 og því er mikilvægt að öll börn séu mætt kl. 07:50 sem taka rútna frá Kjarvalsstöðum.

Skólarútan (Fuglarútan)

Kjarvalsstaðir kl. 8:00/15:00

Mjódd kl. 8:15/14:45

Leik- og skólarúta (Sólarútan)

Mjódd kl. 8:05/14:55

Rauðavatn kl. 8:20/14:40

Í rútnunni gilda ákveðnar reglur:

- börn í 1.-6. bekk hafa föst sæti í rútnunum. Börn í 7.-10. bekk hafa frjálst sætaval á vissu svæði aftast í rútnunni,
- nemendur sitja í sætunum í öryggisbeltum alveg þar til rútan stoppar,
- ekki er leyfilegt að borða nesti í rútnunni, né að taka með sér dót,
- notkun síma og annarra tækja eru bönnuð í rútnunni.

Nemendur eru á ábyrgð foreldra þangað til þeir stíga inn í rútna að morgni. Starfsfólk skólans tekur ábyrgð á nemendum eftir að í rútna er komið og þar til nemendur eru komnir í hendur aðstandenda að skóladegi loknum (1.-4. bekkur), eða þar til nemendur fara frá rútu heim á leið með öðrum hætti, t.d. strætó (5.-10. bekkur).

Foreldrar eru beðnir um að fara ekki inn í rútna þegar börnin eru sótt, það skapar öngþveiti og teppir útganginn.

Eftir að rútan er farin frá skólanum kl. 14:30, eru nemendur sem sóttir eru í Lækjarbotna af foreldrum á þeirra ábyrgð þar sem ekki er tryggt að einhver fullorðin séu á staðnum að loknum skóladegi.

Snjalltæki eru ekki leyfð á skólatíma né í skólarútnum. Sjái nemandi sér ekki fært að skilja snjalltæki eftir heima (þ.m.t. síma, úr eða airpods) skulu þau geymd í þar til gerðu símaþoxi hjá fylgifyskum hverrar rútu fyrir sig. Athugið að hulstur fylgi alltaf þessum tækjum til að vernda þau gegn hnjaski.

Starfsfólk skólans

Aðalheiður Ólafsdóttir, *skólanefnd/hrynlist*

Anna Rut Steinsson, *handavinna*

Anna Sukhorukova, *bothmer*

Björg Árnadóttir, *skólaliði*

Björk Bjarnadóttir, *aðstoð í eldhúsi*

Björn Logi Sigurbergsson, *skólanefnd/stærðfr.*

Elaine Marie Cooney, *aðstoð í eldhúsi*

Elmar Sæmundsson, *skólanefnd/islenska*

Hanna Klara Ísfeld, *skólaliði*

Heiðrún Sara Ómarsdóttir, *skólaliði*

Knútur Hreiðarsson, *matreiðslumeistari*

Ívar Hollanders, *umsjón í 2. bekk*

Ívar Zophonías, *umsjón í 5.-6. bekk*

Maria Luise Alf, *umsjón í 1. bekk*

Mia Maria Westring, *skólaliði*

Outi Kuosmanen, *umsjón í 9.-10. bekk*

Snorri Haraldsson, *skólaliði*

Snorri Sigurður Hertervig, *smíði*

Salbjörg Ýr Guðjónsdóttir, *umsjón í 7.-8. bekk*

Sigurður Aron, *erlend tungumál*

Sylvía Líf Árnadóttir, *umsjón í 3.-4. bekk*

Tinna Ásgeirsdóttir, *skólanefnd/ritari*

Valbjörn Snær Lilliendahl, *tónlist*

heida@waldorfskolinn.is

annarut@waldorfskolinn.is

anja@waldorfskolinn.is

bjorg@waldorfskolinn.is

illugaskotta@gmail.com

gjaldkeri@waldorfskolinn.is

eldhus@waldorfskolinn.is

elmar@waldorfskolinn.is

hanna@waldorfskolinn.is

heidrun@waldorfskolinn.is

eldhus@waldorfskolinn.is

ivar@waldorfskolinn.is

ivarz@waldorfskolinn.is

luise@waldorfskolinn.is

mia@waldorfskolinn.is

outi@waldorfskolinn.is

snorrih@waldorfskolinn.is

smidi@waldorfskolinn.is

salbjorg@waldorfskolinn.is

siggjaron@waldorfskolinn.is

sylvia@waldorfskolinn.is

ritari@waldorfskolinn.is

tonlist@waldorfskolinn.is

Kennarar og annað starfsfólk skólans hafa ekki fastan viðtalstíma, en hægt er að hafa samband við skrifstofu til að koma skilaboðum áleiðis. Einnig er hægt að hafa samband beint við viðkomandi manneskju í gegnum tölvupóst eða síma á virkum dögum.

Símanúmer skrifstofu er 587 4499, skrifstofan er opin milli klukkan 8:30 og 12:30. Tilkynna ber veikindi í gegnum Námfús. Foreldrum ber að tala við viðkomandi umsjónarkennara með góðum fyrirvara ef óskað er eftir fríi frá skóla. Frí lengra en þrjú dagar þarfnast leyfi skólanefndar.

Upp geta komið mál þar sem foreldri treystir sér ekki til að leita beint við viðkomandi umsjónarkennara, tengiliðir í slíkum tilfellum er skrifstofan.

Skóladaatal 2024 - 2025

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
|---|--------------------------------------|--------------------------------|--|-------------------------------|--|--|------------------------------------|----------------------------------|--------------------------------|-------------------------------|
| 1 F | 1 S | 1 Þ | 1 F | 1 S Aðventugarður | 1 M Nýársdagur | 1 L | 1 L | 1 Þ | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 S |
| 2 F | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M | 2 F Jólafrí | 2 S | 2 S | 2 M | 2 F Starfsdagur | 2 M Sjöttíundagurinn |
| 3 L | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 Þ | 3 F Jólafrí | 3 M Foreldravíðtöl | 3 M Boikudagur | 3 F | 3 L | 3 Þ |
| 4 S | 4 M | 4 F | 4 M | 4 M | 4 L | 4 Þ Foreldravíðtöl | 4 Þ Sprengidagur | 4 F | 4 S | 4 M |
| 5 M Osló kúrs <i>Friðdagur verslunarmanna</i> | 5 F | 5 L | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 M Oskudagur | 5 L | 5 M | 5 F |
| 6 Þ Osló kúrs | 6 F | 6 S | 6 M | 6 F | 6 M Starfsdagur | 6 F Dagur íslskólans | 6 F Vetrarfrí | 6 S | 6 Þ | 6 F Skólaslit |
| 7 M Osló kúrs | 7 L Vinnud. foreldra | 7 M Foreldravíðtöl | 7 F | 7 L | 7 Þ | 7 F Dagur fórlistarskólans | 7 F Vetrarfrí | 7 M | 7 M | 7 L |
| 8 F Osló kúrs | 8 S Dagur læsis | 8 Þ Foreldravíðtöl | 8 F Baráttudagur gegn einelti | 8 S | 8 M | 8 L | 8 L | 8 Þ | 8 F | 8 S Hvítasunnudagur |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 S | 9 S | 9 M | 9 F | 9 M Annar í hvítasunnu |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 M Vetrarfrí | 10 F Páskaskemmtun | 10 L Vinnud. foreldra | 10 Þ Starfsdagur |
| 11 S | 11 M | 11 F | 11 M | 11 M Luktarhátíð | 11 L | 11 Þ Dagur íslenska táknnámsins | 11 Þ Vetrarfrí | 11 F Páskamatúr | 11 S | 11 M Starfsdagur |
| 12 M | 12 F | 12 L Basar vinnudagur | 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 M | 12 L | 12 M | 12 F Starfsdagur |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 F | 13 S Pálmasunnudagur | 13 Þ Ólympíuleikar | 13 F Starfsdagur |
| 14 M Starfsdagur | 14 L Basar vinnudagur | 14 M | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 F Dagur staðfræðinnar | 14 M Páskafrí | 14 M Ólympíuleikar | 14 L |
| 15 F Starfsdagur | 15 S | 15 Þ Þemadagur | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 L | 15 Þ Páskafrí | 15 F Ólympíuleikar | 15 S |
| 16 F Starfsdagur | 16 M Dagur íslenskrar náttúru | 16 M Þemadagur | 16 L Basar <i>Dagur íslenskrar tungu</i> | 16 M | 16 F | 16 S | 16 S | 16 M Páskafrí | 16 F Ólympíuleikar | 16 M |
| 17 L | 17 Þ | 17 F Þemadagur | 17 S | 17 Þ | 17 F | 17 M | 17 M | 17 F Skírdagur | 17 L | 17 Þ Lýðveldisdagurinn |
| 18 S | 18 M | 18 F Þemadagur | 18 M Starfsdagur | 18 M | 18 L | 18 Þ | 18 Þ | 18 F Fóstudagurinn langi | 18 S | 18 M |
| 19 M Starfsdagur | 19 F | 19 L | 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 M | 19 L | 19 M | 19 F |
| 20 Þ Starfsdagur | 20 F | 20 S | 20 M Dagur mannréttinda barna | 20 F Jólaball | 20 M | 20 F | 20 F | 20 S Páskadagur | 20 Þ | 20 F |
| 21 M Skólasetning | 21 L | 21 M Hautfrí | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 F Starfsdagur | 21 M Annar í Páskum | 21 M | 21 L |
| 22 F | 22 S | 22 Þ Hautfrí | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 L Starfsmannahelgi | 22 Þ | 22 F | 22 S |
| 23 F | 23 M Furudalsvika | 23 M Hautfrí | 23 L | 23 M Jólafrí | 23 F | 23 S | 23 S Konudagur - upphaf Góu | 23 S | 23 F | 23 M |
| 24 L | 24 Þ Furudalsvika | 24 F Hautfrí | 24 S | 24 Þ Aðfangadagur jóla | 24 F Þorrablót <i>Böndadagur</i> | 24 M | 24 M | 24 F Sumardagurinn fyrsti | 24 L | 24 Þ |
| 25 S | 25 M Furudalsvika | 25 F Hautfrí | 25 M | 25 M Jóladagur | 25 L | 25 Þ | 25 Þ | 25 F | 25 S | 25 M |
| 26 M | 26 F Furudalsvika | 26 L Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | 26 F Annar í jólum | 26 S | 26 M | 26 M | 26 L | 26 M | 26 F |
| 27 Þ | 27 F Furudalsvika | 27 S | 27 M | 27 F Jólafrí | 27 M | 27 F | 27 F | 27 S | 27 Þ | 27 F |
| 28 M | 28 L | 28 M | 28 F | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 F | 28 M | 28 M | 28 L |
| 29 F | 29 S | 29 Þ | 29 F | 29 S | 29 M | | 29 L Basar vinnudagur | 29 Þ | 29 F Uppstigningardagur | 29 S |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M Jólafrí | 30 F | | 30 S | 30 M | 30 F Starfsdagur | 30 M |
| 31 L | | 31 F | | 31 Þ Gamlársdagur | 31 F | | 31 M | | 31 L | |

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladaur nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.